



Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFÞAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR • 71 TBL. 15. ÁRG. FEBRÚAR 1992.

*Að koma framsókn mannkynsins í hið rétta horf, það er
hlutverk íslensku þjóðarinnar.*

Helgi Pjeturss.

Geimþokan mikla í Bogmannsmerki


Myndin á forsíðu sýnir „brískiptu“ geimþokuna miklu í stjörnumerkinu Bogmaðurinn, en talið er að þar séu í myndun mikill fjöldi sólstjarna.

Myndun sólstjarna og sólhverfa. Víða um vetrarbrautina má sjá mikla þokumekki. Talið er að þeir feli í sér möguleika til myndunar nýrra sólstjarna. Í sumum hinna miklu geimskýja, eins og t.d. *Sverðþokunni* í Óríon, má sjá fjölmargar daufar sólstjörnur í miðju skýinu, og telja stjörnufræðingar nær víst að hér séu nýjar stjörnur á upphafsferli sínum. Hinir lausu efnismekkir dragast saman í bólstra sem smábæta við sig, þéttast og hitna, uns kjarnasamruni tekur við og hitinn kemst upp í milljónir stiga í miðhluta stjörnunnar.

Um leið og efnismekkir geimsins dragast saman og sólstjarna myndast, skapast og minni bólstrar sem þéttast og verða að reiki-stjörnum er ganga um meginhnöttinn. Heilt sólhverfi hefur þá myndast, og þar með, er tímar líða fram, möguleikar til lífs á einhverri reikistjörnunni, þeirrar er nýtur hæfilegrar birtu sólar og annarra skilyrða, sem nauðsynleg eru til þess að líf geti komið fram og þróast. — Saga lífsins á okkar jörð er ábending um það, sem víðar mun eiga sér stað í alheimi stjarnanna.

I. A.

Stjörnur himins



Stjarngrúi geimsins er slíkur að engri tölu verður á komið og er þó hver stjarna heil sól, og líklega flestar stærri en okkar sól.

Þorsteinn Guðjónsson:

Heimsfrægur Íslendingur

Flugstöð Leifs Eiríkssonar heppna er stórt nafn á miklu mannvirki og þarf ekki að efa, að hugviti, vinnu og hverskyns getu hefur verið ósparlega varið til þess, og munu sumir ætla, að einu gildi hvert nafnið er, því að afnotin verði hin sömu, hvort sem er. En þó er það alveg víst, að meðan nafnið er nýtt, hefur það verulega þýðingu, og ekki ólíklegt, að þess gæti líka lengi á eftir. Ég man þá tíð, að naumast þótti vel við hæfi samkvæmt reykvísku almenningsáliti, að minnast mikið á Leif heppna - og átti það sínar skýringar bæði til vinstri og hægri, sem ég minnst þó hvorugar á hér. Fór svo, að stytta Leifs stóð af sér allar árásir, og er nú að koma upp honum til virðingar meira mannvirki en nokkurt, sem mönnum kom þá til hugar að reisa hér á landi. En það vill reyndar svo til, að Leifur heppni er langfrægasti Íslendingurinn, sem nokkru sinni hefur uppi verið, og um leið sá, sem á almerkilegastan hátt benti til framtíðarinnar með verki sínu, nefnilega þess, að Alheimur skyldi síðar uppgötvaður verða.


Stórdáð Leifs heppna var sú að sigla yfir Atlantshafið, finna meginland Norður-Ameríku og leggja að minnsta kosti drög að landnámstilraun Íslendinga og annarra Norðurlandabúa í Vesturheimi. Og eins og allar slíkar stórdáðir var þetta afrek ekki neinn stakur og einangraður atburður, heldur faldur öldunnar, sem var að rísa eða reyna að rísa. Hverjum þeim, sem lítur í samhengi á útsókn Norðurlandabúa frá 800 til 1000, hlýtur að koma í hug, hvert hafi verið markið, sem stefnt var að með hinum miklu umbrotum víkingaaldarinnar, og þá alveg sérstaklega með sókninni í norðvestur. Það, að ná fótfestu í Vesturálfu, og

efna þar til landnáms, var efalaust tilgangurinn með því að finna og nema Færeyjar um 800, Ísland um 870, Grænland 985 og Vínland um 1000 - þetta eru áfangar, sem benda hver fram til annars. Að tala um tilviljanir í því sambandi er marklaust, því að „tilviljanirnar“ stefndu í eina og sömu átt.

Að mannkynssagan hafi tilgang - allt eins og það, að líf einstaklinganna hafi það - er að vísu sjaldan sagt berum orðum, (margir hika þegar að slíku kemur), en þó verður með engu móti komist hjá því að líta svo á. Lífið er tilraun, sem hefur tilgang, og þó að sú tilraun geti mistekist stundum - í bili - leitar hún á aftur. Og nú er Leifur heppni Eiríksson kominn aftur, af „himnum ofan“, eins og segja má, ef mennirnir gera sér ljóst, að himinninn er heimkynni hnattanna, þar sem lífið grær. Þeir, sem eitthvað hafa haft fyrir því að hugleiða áhrif framliðinna á líf okkar hér, hljóta að spyrja sjálfa sig hvort Leifur frændi muni ekki á einhvern hátt láta til sín taka á þeirri stundu, sem miklu mannvirki verður nafn gefið og honum helgað.

Timinn 16. 04. 1987.

„Þar sem lífið grær“



„Himinninn er heimkynni hnattanna, þar sem lífið grær.“

Þorsteinn Guðjónsson:

Stillum til friðar

Háskinn sem nú vofir yfir Sovétþjóðum virðist meiri en nokkru sinni fyrr. Hver sem vill heldur hið betra en hið verra, hlýtur að spyrja sig, hvort nokkur leið sé fær út úr þessum vanda. Eftir venjulegum hugsanagangi er þarna aðeins um tvennt að ræða: að Gorbatsjov „herði tökin“ þ.e. gerist nýr harðstjóri, eða að hinn sami lini tökin enn meir og skýri málin enn betur. Það er auðvelt að **heimta** hið síðar-nefnda, en ég hygg, að þeir sem raunsæismenn þykjast vera, hafi ekki mikla trú á að slíkt lánist.

Orðalagið að „stillta til friðar“ sem íslenskan hefur varðveitt, lýsir því sem gera skal. Það þarf að beita hugarkrafti, en hann er áreiðanlega til, og er það nær öllum ljóst, sem hugsa málið. Við beitum þessum krafti, sem býr með okkur sjálfum, misjafnlega virkur að vísu, en alltaf fyrir hendi. Við þessa tilraun verðum við ennfremur að muna eftir þessum atriðum:

1. Björgunaráhrifin verða að koma frá lengra komnum íbúum annarra hnatta, því að aðrar „æðri verur“ eru ekki til.

2. „Fljúgandi diskar“ eru að vísu „komnir“ frá öðrum hnöttum, en á allt annan hátt en flestir hafa ímyndað sér. Um er að ræða sambands- og magnanafyrirbæri á ýmsum stigum. Mjög oft eru flugdiskabirtingar nátengdar hugarástandi og örlögum þeirra sem sjá, þær eru samofnar lífinu sjálfu en eru ekki neinar „áætlunarferðir um ljósaráleiðir“, á báknum úr áli og stáli.

3. Edvard Námov, líffræðingur, er einn hinn merkasti maður í Sovétríkjunum. Þegar vísindamannaþing var haldið í borginni Jerevan í Armeníu árið 1973 um efnið: Vit-

samband við aðrar stjörnur (Communication with Interstellar Intelligence - orðasambandið er reyndar komið úr íslenskri heimspeki), steig **Edvard Námov** fram á áheyrendabekk og skoraði á vísindamennina að nota **hugsamband** - (telepathy) til þess að ná sambandi um himingeiminn, við önnur sólkerfi. Sýnir þetta hvert afbragð maðurinn Edvard Námov er. Og gæti hann átt mikinn þátt í að bjarga Sovétþjóðum, ef honum yrði tækifæri veitt. En það hefur gengið á ýmsu um hagi hans. Allt veltur á því, að slíkir menn komist til áhrifa.

4. Rupert Sheldrake er enskur líffræðingur sem risið hefur gegn valdi vélgengislíffræðinnar (mechanistic biology). Hann hefur sett fram kenningu um „formskapandi aflsvæði“, sem er náskyld kenningu íslenskrar heimspeki um lífaflsvæði.

5. Allir þessir þættir, og fjölmargir aðrir, tengjast saman og ná saman í íslenskri heimspeki. Sé henni beitt, má hún megna þetta tvennt; að sefa hinar ofsafengnu frelsishreyfingar sem farið hafa af stað hjá ýmsum þjóðum þar eystra, við það að slakað var á klónni, og að spekja hina ráðandi menn í Moskvu, svo að þeir grípi ekki til óyndisúrræða. Samkvæmt þeirri kenningu er það að stilla til friðar fólgið í því, að hafa þau áhrif á ráðamenn (einnig forustumenn hreyfinga sem ber á milli við ráðamenn) að þeir stillist heldur til sambands við guði en djöfla. Því að það er þetta sem um er að tefla, hvorki meira né minna. En auðvitað eru millistigin mörg.

Legg ég til að skynsamir menn hér á landi, sem láta sér skiljast á sama veg og hér var rakið, beiti hugaráhrifum sínum á þennan veg, undir merki íslenskrar heimspeki.

Timinn 12. 12. 1988.

Þorsteinn Jónsson á Úlfstöðum:

Stuðningur að handan

*Því sem mér raunverulega hefur skilist,
treysti ég. Hinu, sem berst mér að handan
og fullkomlega er samkvæmt skilningi mínum,
hlýt ég einnig að treysta.*

I.

„Hvern getur hann átt við“ spurði einhver, eftir að Helgi Pjeturss hafði sagt það af miðilsmunni, að hann vænti þess, að einhverjir viðstaddir gerðu sér ljóst hverskonar mann þeir hefðu þarna meðal sín. Höfðu þá þarna á sambandsfundinum tveir löngu liðnir vitringar, þeir Plótín hinn gríski og Leibnitz hinn þýski beint orðum sínum til mín, og sagðist hinn síðarnefndi hafa reynt að fylgjast með skilningsþróun minni, og fannst mér slíkt benda til þess að hann hefði einhvers vænst af mér í þeim efnum. En þrátt fyrir þetta varð ekkert framhald af því, sem þessi einhver hafði varpað þarna fram, sennilega í hugsunarleysi, og féll spurning hans því niður. Hinsvegar var mér fullkomlega ljóst, hvern Helgi Pjeturss hafði þarna átt við, og lét ég mér það þá nægja í bili. En hér var nú eins og tekið fram fyrir hendur fundarmanna eða þess sem verða vildi meðal þeirra. Þegar fundinum raunverulega var lokið og margir voru staðnir upp til brottferðar, var ég ávarpaður af vörum konu, sem á síðustu stundu hafði fallið í sambandsástand, og var það tengdafaðir minn látinn, sem talaði af vörum hennar. Þekkti ég gamla manninn undir eins af ávarpi hans: „komdu sæll, Þorsteinn“, því að svo nauðalíkt var það honum. Sannaði sú líking mér raunveruleik sambandsins, því að konan hafði aldrei áður heyrt hann né séð. Mátti ráða það af því, sem hann sagði á eftir, að hann hafði fylgst með því, sem fram fór þarna, því að hann minntist eitthvað á vitringana, sem

áður höfðu beint orðum sínum til mín. Sjálfur sagðist hann nú eiga heima í fögru fjallendi og una hag sínum vel.

II.

„Þú varst besti vinur hans þabba míns“, sagði Anna Pjeturss við mig, þegar ég heimsótti hana síðast og vafði mig örmum um leið og hún sagði þetta. Ekki gerði hún það þó án þess að biðja konu mína, Áslaugu „afsökunar“, en hún var þarna með mér ásamt dóttur okkar, Steingerði, og manni hennar, Þorsteini Guðjónssyni. En hvað var það að hafa verið besti vinur föður Önnu Pjeturss. Það var að hafa verið besti vinur þess manns, sem stærsta líffræðiuppgötvun hafði gert allra jarðarbúa. Brúnó hafði fyrstur látið sér skiljast það, að hinar óreikulu stjórnur eru sólrir og að heimurinn og lífið hljóti æ að bæta við sig.

III.

Það var kvöldið 12. nóvember, að á Úlfsstöðum fór fram miðilsfundur, en þannig hittist þá á, að þá var dánardagur Önnu Pjeturss. Var það aðeins rúmum sólarhring eftir lát hennar, að sá fundur fór fram, og voru þátttakendur þess fundar fólk frá báðum Úlfsstaðaheimilunum, miðillinn Sveinn Haraldsson, Ásmundur Guðbjörnsson úr Reykjavík, Ásdís Þorsteinsdóttir frá Skálpastöðum og Unnur Jónsdóttir frá Deildartungu. Gat ég vegna heyrnardeyfu minnar lítið heyrt af því sem talað var, en vissi þó af því, þegar Anna Pjeturss kom í sambandið, og fannst hún vera hress og furðanlega vel lifandi, aðeins rúmum sólarhring eftir andlátíð. Hinsvegar brá svo furðulega við, þegar fyrrverandi háskólaprófessor Símon Jóhann Ágústsson kom þarna í sambandið, að ég heyrði alveg greinilega það sem hann sagði, en það var á þá leið, að ég hefði bæði rétt fyrir mér varðandi lífsambandið á milli stjarnanna og þróun lífsins. Þótti mér þetta góður stuðningur og þakkarverður.

Allmörgum árum áður en þetta var, og skömmu fyrir dauða sinn, hafði Símon heimsótt mig að Úlfsstöðum.

Ræddum við þá saman góða stund í vinsemd án þess að vika að neinum meginmálefnum. Nú virtist honum hafa aukist skilningur og áræði, og var ekki lítið eftirtektarvert, að honum skyldi takast að láta mig heyra orð sín, sem öðrum tókst ekki á þessum fundi.

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum (dáinn 1991).

Ritað árið 1989.

Jón Trausti Halldórsson:

Samstillt áhrif og framliðnir

Menn velta gjarnan fyrir sér ráðgátunni um lífið eftir dauðann. Í Markúsarguðspjalli má lesa eftirfarandi: Þar ummyndaðist hann fyrir augum þeirra og klæði hans urðu fannhvít og skínandi og fær enginn bleikir á jörðu svo hvítt gjört. Og þeim birtist Elía ásamt Móses, og voru þeir á tali við Jesú. (Mark 9:2). Nokkru síðar segir: Þá kom ský og skyggði yfir þá og rödd kom úr skýinu: Þessi er minn elskaði sonur, hlýðið á hann.

Þessi kafli tekur af öll tvímæli um að líf sé eftir dauðann. Elía og Móses hafa einhvers staðar verið á lífi í heiminum fyrst þeir gátu birst þarna. Færa má rök fyrir því að þeir hafi lifað og lifi enn á annarri jarðstjörnu og má finna þær röksemdir í Nýal. Þegar áður nefndur atburður átti sér stað hafa náðst mjög samstillt áhrif og þess vegna hafa þeir Elía og Móses getað birst þarna. Þessi frásögn er mjög athyglisverð því hún staðfestir ekki aðeins að fólk lifir eftir dauðann heldur einnig að framliðnir geta birst hér á þessari jörð séu samstillt áhrif fyrir hendi.

(Mbl. 15.02. 1991)

Þorsteinn Guðjónsson:

Sýnir frá öðrum hnöttum — og heimsóknir þaðan

Árið 1949 dreymdi mig draum, sem varð mér mikilsverður áfangi á þeirri leið að átta mig á eðli drauma, en sú viðleitni mín hafði vaknað við að lesa rit íslensks vísindamanns um þau efni, dr. Helga Pjeturss. Margir héldu, að þau rit væru trúarlegs eðlis, og fékk ég að heyra það þá og lengi síðan, að nú væri ég orðinn trúaður, úr því að ég væri farinn að leggja stund á þessi rit. En ég leit dálítið öðruvísi á það mál og hélt mig við það, sem mér hafði sjálfum skilist, og hef ég jafnan síðan talið mér til gildis að láta ekki hrekja mig af þeirri leið, sem mér virtist þarna vera hin rétta. — En draumurinn var á þá leið, að mér þótti ég vera staddur uppi við Öskjuhlíð, (sem þá var líklega mikilsverðari staður í hugum Reykvíkinga en nú er) og horfa til himins, og var þetta allólíkt því, sem nokkurn tíma hefur verið að sjá af þeirri Öskjuhlíð, sem er. Himinninn var þéttsettur þúsundum stjarna, sem blikuðu miklu skærar en jafnvel þær, sem allra bjartastar eru á himni vorum, eins og til dæmis Siríus og Vega. Þessu fylgdi einhver sú gleðitilfinning, sem ekki mun vera auðvelt að lýsa, og við þetta vaknaði ég og þóttist reynslunni ríkari og þar með nokkru fróðari. Ég þóttist skilja, að sýn mín í draumnum hefði verið tilkomin fyrir samband við draumgjafa, verið nokkuð, sem raunverulega bar fyrir einhvern íbúa fjarlægs sólkerfis, þar sem stjörnur skína bjartar en hér. Þessi ályktun mín var rétt, eins og síðar sýndi sig, en þó leið meir en hálf tveggja ár þangað til ég fékk fullan skilning á því, sem þarna var um að ræða. Var það við að lesa stjörnufræðibók eftir Fred Hoyle, sem þá var nýþýdd á íslensku. Þar sagði Fred Hoyle frá því, að til væru stjörnuþyrpingar innan Vetrarbrautar og umhverfis hana,

þar sem sólirnar hnöppuðust saman miklu þéttar en á því geimsvæði, sem er hér umhverfis. Og hann lét þess getið, sá ágæti stjörnufræðingur Fred Hoyle, að væri maður á reiki-stjörnu, sem fylgdi einhverri af þessum sólum hinnar þéttu þyrpingar, þá væri þaðan að sjá svo bjartan stjörnuhiminn, að meir en þúsund stjörnur skærari en Sírius skinu þar. Var þetta ekki alllítill uppörvun fyrir mig, að **athugun**, sem ég hafði gert í **draumi**, skyldi fá fulla staðfestingu af stjarnfræðilegri þekkingu, sem mér var ókunnugt um, þegar mig dreymdi drauminn. Þótti mér þetta mikil sönnun þess, að draumaathuganir væri nokkuð, sem byggjandi væri á, ef þær á annað borð væru tengdar þeirri þekkingarundirstöðu, sem lögð hefur verið.

Rúmum tuttugu árum síðar sagði mér maður, sem þá hafði nýlega kynnst kenningu Nýals, að sig hefði dreymt einmitt samskonar draum og þann, sem hér var lýst. Hafði það gengið nokkuð líkt til og um minn draum, að manninum var það strax nokkurn veginn ljóst, en ekki að fullu, hvers eðlis stjörnusýnin var. En nokkru síðar las hann bókina eftir Hoyle og skildi þá til hlítar, hvers eðlis þetta var. Þótti okkur báðum þetta töluvert merkilegt, að „sagan endurtók sig“ á þennan hátt. En vitanlega var það ekki sami draumurinn, sem okkur dreymdi, heldur fékk hann samband við einhvern draumgjafa, e.t.v. í sömu stjörnuþyrpingu, svona löngu síðar. Var þá vitanlega enn hið sama að sjá þar, á þeim slóðum, og verið hafði áratugum áður. En sagan er ekki öll sögð með þessu. Dreymt hefur mann, héðan af jörð, í þetta sama stjörnuhverfi (eða annað sams konar, sem er þó ólíklegra) og lýst greinilega sams konar sýn og þeirri, sem fyrir okkur bar, löngu áður en við kunnum frá þeirri reynslu að segja. Dreymandinn var enginn annar en **Helgi Pjeturss**, og sagði hann frá þessu í grein, sem hét **Fróðlegt lof og maklegt**, og birtist í Vísi 21. nóv. 1939, en um þetta vissi ég ekkert fyrr en nú um áramótin síðustu. Helgi Pjeturss segir þannig frá (í upphafi greinar sinnar):

„Mig dreymdi að ég stæði úti vetrarkvöld og virti fyrir mér himininn. Stjörnubjart var, og að vísu svo, að langt bar

af því, sem ég hefi nokkru sinni í vöku séð. Fjöldi af stjörnum var að sjá, sem skínu stórum bjartar en jafnvel hin silfurblíkandi Venus, og ekki einungis bjartar, heldur á nokkuð annan og einkennilega unaðslegan hátt. Ég vaknaði brátt og fór að hugleiða þennan svo óvanalega góða draum, og til hverra stilliáhrifa hann mundi vera að rekja. Minntist ég þá þess, að ég hafði daginn áður átt nokkuð rækilegt samtal við hinn unga vísindamann dr. Trausta Einarsson, sem tekið hefur doktorspróf í stjörnufræði við þýskan háskóla og einnig lagt stund á jarðfræði. Kom mér í hug, að í augum þeirra, sem kunnugt væri um náttúrulögmál það sem ég hefi fundið og nefnt stillilögmálið (the biodynamical law of determinants), mundi það vera meir en lítið lof um hinn unga vísindamann, ef ég segði frá draumi þessum. En ég hefi oft þegar ég hefi getað komið því við, skrifað eitthvað um unga og byrjandi náttúrufræðinga — og þó raunar fleiri — sem þeim gæti að liði orðið.“


Þessir þrjú draumar, dreymdir á árabílinu frá 1939—1972, eru þýsna merkilegir, ef menn reyna til að skilja. Þeir eru hver öðrum óháðir, því að hvorugur hinna síðari dreymenda veit af hinum fyrri, þegar hann dreymir. Og þó bera þeir allir með sér sams konar stjarnfræðilega vitneskju og sanna þar með uppruna sinn. Þegar það er sannað, að slíkt lífsamband milli stjarna sem draumarnir bera vott um á sér stað í svefni, og að hver maður er í rauninni sendi- og viðtæki lífmagns, þá verður einnig auðvelt að skilja, hvernig fyrirbæri eins og þau, sem nefnd hafa verið „flúgandi diskar“ hafa getað orðið til. „Diskarnir“ eru lífmagnsfyrirbæri, sem myndast á lífaflsvæði jarðarinnar. „Diskurinn“ sem sást úti fyrir Austfjörðum 24. maí í fyrra, — sem einhver hélt, að verið hefði verið loftbelgur, en aðrir njósnaþæki(!) var einmitt þess konar fyrirbrigði, og sáu hann hundruð manna á Austurlandi. Annar var yfir Vestmannaeyjum sama dag, og kvikmyndaðist hann í hálf tíma samfleytt á sjálfvirka myndavél frá Raunvísindastofnun, sem höfð var til að fylgjast með gosinu, og er þetta eitthvert öruggasta dæmi um „fljúgandi

disk“ sem um getur í vísindasögunni. Menn þurfa ekki að láta sér neitt bregða, þótt „diskarnir“ séu settir í samband við vísindi og þekkingu því að það gera ný ýmis virtustu vísindatímarit á Vesturlöndum. Og Carl Sagan stjörnufræðiprófessor í Bandaríkjunum segir, að hugsunin um lengra komna íbúa annarra stjarna sé nú orðin rótföst í vísindum hér á jörð. Sjá einnig söguna um Jónatan Livingston Máv, sem er að vísu skáldsaga, en svo ágætlega heimspekileg skáldsaga, að „allur Ísraelslýður er kominn á stjá“ út af henni, þar með taldir ónefndir reykvískir revíuhöfundar, sem langar til að láta sín að einhverju getið.

„Diskana“ yfir Austfjörðum og Vestmannaeyjum þann 24. maí — en þeir birtust á sömu stundu og Anthony Brooke fyrrum þjóðhöfðingi var að segja íslenskum blaðamönnum frá fljúgandi diskum á Hótel Esju í Reykjavík — tel ég langmerkilegasta viðburð síðastliðins árs. Því að þeir voru: raunveruleg og efnisleg heimsókn frá öðrum hnetti, sem stjórnað var af stjörnuþúum. Og þeir komu fram á **filmum frá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.**

Mbl. 6. mars 1974

Alheimurinn óendanlegi




Kúlþyrpingar eru einhver fegurstu fyrirbæri geimsins. Íbúum slíkrar þyrpingar hlýtur að þykja stjörnuhiminninn ákaflega fagur á að líta. (Sjá grein P. G. hér á undan á bls. 10—12).

Ingvar Agnarsson:

Ljósgeislarnir og líforku- geislarnir frá Síríusi

Ég sá stjörnuna Síríus í kvöld í fyrsta sinn á þessum vetri. Hversu fagurlega blikaði hún þar sem hún schein þarna á heiðum himni, eigi mjög hátt ofan við Bláfjöllin í suðaustri. Heillaður stóð ég um stund og horfði á skin þessarar björtustu sólstjörnu himins. Hvítt er ljós hennar og snögg sýnast blossomandi birtublikin, sem frá henni berast.

Síríus er ein af nálægustu sólstjörnum himins, fjarlægð um átta ljósár. Raunverulegt ljósmagn hennar er 26-falt á við birtu okkar sólar, enda allnokkru stærri og miklu heitari



Síríus, hin sindurbjarta, hvíta sól ásamt fylgihnetti hennar.

á yfirborði. Um Sírius gengur önnur sól, hvítt dvergstirni, kallað Sírius B. Við sjáum það ekki berum augum, vegna smæðar þess og nálægðar við aðalstjörnuna.

Um Sírius hefur margt verið ritað í aldanna rás, og hafa sumir sjáendur talið sig skynja fullkomið líf á reikistjörnu einni er gangi umhverfis móðursólina.

Einhverja snjöllustu frásögn og merkilegustu um lífið í sólhverfi Síriusar er að finna í bókinni „Guðirnir á Síriusi“ eftir K.D. Schmidts, sem Þorsteinn Guðjónsson þýddi og út kom fyrir nokkrum árum. Þar sem skemmtilegar og stórfenglegar lýsingar á sólhverfi þessu og á því lengra komna lífi, sem þar er lífað; enda um fjarskynjanir að ræða, samkvæmt eigin reynslu höfundarins, en ekki skáldskap eða heilaspuna.


En hvað sem þessum frásögnum líður ættum við oft að fara út á heiðskírum kvöldum til að njóta geislandi birtublika þessarar skæru stjörnu, og jafnframt þeirra heillandi áhrifa og lífgandi orkustrauma, sem margir telja sig hafa reynt í eigin brjósti.

Verum opin fyrir þeim fjarhrifum, er frá lengra komnum stjarnbúum stafa.

Morgunblaðið 12. ágúst 1989.

(588)

Vetrarbraut



Á blávegum víðgeimsins blika vetrarbrautir milljónum saman.

Þorsteinn Guðjónsson:

„Nú er hún dauð þessi belja“

„Það tvennt er ólíkast, að dreyma drauma og að rannsaka eðli draumlífsins“, er spakmæli, sem menn ættu ekki aðeins að kunna, heldur einnig reyna að skilja vel. En áður en svo vel er á veg komið mætti minnst þess, að hér á Íslandi hefur fólk, fyrr og síðar, verið fúsara að segja frá draumum sínum og gert það frjálslegar en víðast annarsstaðar. Þá hugmynd rak ég mig stundum á, áður fyrr, að draumar væru eitt af því, sem ekki ætti eða mætti tala um; var þar um hleypidóm að ræða, sem ennþá ríkari mun hafa verið í öðrum löndum og var af trúarlegum rótum runninn. Á þessari öld hefur sá hleypidómur einnig tengst þeirri fáránlegu kenningu að draumar séu helst ekki annað en upplýsingar um kynferðismál þess, sem dreymir; nægði þetta til að hræða marga frá því að segja drauma sína.

Úlfur Ragnarsson lækni, sem stundum hefur gerst svo djarfur að segja drauma sína, sem þakkarvert er, skrifar um þá í Lesbók Mbl. 24.02.1990 og nefnir þar fræðimenn erlendis, sem hann telur sig hafa lært af margt um það efni - þeirra á meðal Carl G. Jung og eftirmenn hans í Sviss - og segir síðan með Forngríkkjum: Þekktu sjálfan þig!, en bætir svo við:

„Þegar þú (þ.e. lesandinn) ert í þeirri aðstöðu, að öll sund virðast lokuð, bendir draumgjafinn á leið. Draumgjafinn? Hver er sá - eða sú? Draumgjafinn er þinn innri maður - sá eða sú, sem þú reynir að birta í starfi, hvenær eða hvar sem það verður, ljósengillinn í þér“.


Varla get ég sagt, að Úlfi R. hafi tekist „ljósengilslega“ upp í þessum orðum. Hann nefnir með virðingu lærifeður sína, Carl G. Jung - sem enginn mun neita, að hafi verið

leitandi fræðimaður - Edgar Cayce (sem öll sín afrek vann hálf-sofandi) og Mark Thurston. En hann segir ekki, hver kenndi honum orðið draumgjafi. Sumir hefðu búist við því af Úlfi Ragnarssyni, að vera ekki frábitinn því að rekja efni drauma sinna út fyrir sinn eigin bók. Bendir þetta reyndar til þess, að andatrúarmenn séu ekki sérlega sterkir á svellinu gagnvart „efnishyggjumönnum“ háskólanna.

Orðið draumgjafi hefur verið notað á Íslandi í ein 75 ár, og er höfundur þess Helgi Pjeturss. Með þessu eina orði tókst honum á einfaldan og skýran hátt að gera grein fyrir skilningi sínum á eðli drauma. Mun engum verða stætt á því til lengdar að rangtúlka merkingu þess orðs.

Maður sem var við refaveiði uppi á Arnarvatnsheiði, vaknaði í kofa sínum við það, að hann þóttist heyra þessi orð: „Nú er hún dauð þessi belja“. Þegar hann kom heim fékk hann að vita, að kýrin væri dauð, að kona hafði sagt þessi orð, og önnur heyrt þau. Þessi orð bárust honum ekki frá konunni, sem sagði orðin, og ennþá síður frá einhverjum „innri manni“ sjálfs hans, heldur var það hin systirin, sú sem heyrði orðin sögð, sem varð draumgjafi hans á þessari stundu. Við hana var sambandið: sál hennar varð um stund sál mannsins, sem heyrði orðin í draumi — þó að hann væri staddur lengst uppi á Arnarvatnsheiði. En það var langt í burtu, í þá daga.

Stjarnþyrpingar í Tvíburamerki



Lítum til himins á heiðskírum kvöldum og heillumst af fegurð hans.

RIT

Dr. Helga Pjeturss



Nýall — Ennýall — Framnýall
Viðnýall — Sannýall — Þónýall
Valdar ritgerðir I og II

FRÁBÆRAR BÆKUR
SEM ALLIR ÞURFA AÐ LESA

Nýalsrit Dr. Helga Pjeturss er nýtsöm eign á

Er þér kunnugt um — að maður Íslendinga á fyrri hinnar viðurkenndu fræðisóknir á svefni, draumum um þau efni rit, sem bæði v og alþýðufólki.

Er þér kunnugt um — að héldu, að hvergi væru reik okkar og hvergi líf nema fram með vísindalegum rök lífsins á ótal hnöttum.

Er þér kunnugt um — að hyggjumaður í flokki vísir þó afdráttarlaust hin "sálr skýringa á eðli þeirra.

Er þér kunnugt um — að kom til sögunnar, hafði hugtökin lífgeislun og lífg þessarar geislunar?

Er þér kunnugt um — að skýrir ekki aðeins svefn skyggni, dásvefn, trúarreyn myndir manna um framhal

Er þér kunnugt um — að sinnar — réttum helmingi ast og fræða um þessi mál verða almennings-áhugaef

Er þér kunnugt um — að á landi haldið fram, að væru að komast á ystu nö ingar og vísindamenn ann um slíkt?

Helga — á nýjum tímum.

ad framsækinn raunvísindari Muta 20. aldar fékkst, auk eðigreinar sinnar, við rann- m og eðli lífsins, og skrifaði bi voru ætluð vísindamönnum

ad meðan íhaldssöm vísindi eikistjörnur nema við sólina hér, hélt höfundur Nýals því öðrum, að samband væri milli

ad doktor Helgi var efnis- vísindamanna, en viðurkenndi álárænu" fyrirbæri og leitaði

adur en Kirlian-myndtæknin i dr. Helgi myndað vísinda- fgeislar og sagt fyrir um eðli

ad kenning doktors Helga n og drauma, heldur einnig ynslu, og hinar ýmislegu hug- hald lífsins og æðri veruleika.

ad dr. Helgi varði 38 árum ævi gi hennar — til þess að fræð- álefni, sem nú eru að nýju að efni?

ad þegar um 1920 var því hér ad mannkynið og hnötturinn nóf löngu áður en heimspek- narsstaðar fóru fyrst að tala

1. Nýall, 400 bls.
2. Ennýall og Framnýall, 484 bls.
3. Viðnýall og Sannýall, 322 bls.
4. Þónýall, 320 bls.

og nýtt ritgerðasafn eftir dr. Helga:

- A. Valdar ritgerðir I, 480 bls.
- B. Valdar ritgerðir II, 360 bls.

Verð þessara sex bóka:	Kr. 26.000
Verð Nýalsritanna (4 bindi):	Kr. 18.000
Verð Valdra ritgerða I—II:	Kr. 10.000

20% afsláttur er veittur gegn staðgreiðslu.

Undirrituð/aður óskar að kaupa:

6 bindi 4 bindi 2 bindi

Nafn _____

Heimilisfang _____

Póstnr./staður _____

Sími _____

og óskar að greiða kaupin á eftirfarandi hátt:

VISA EURO ANNAÐ: _____

PÓSTKR. STAÐGR. RAÐGR.: _____

KORT NÚMER: _____

GILDISTÍMI KORTS: _____

SKÁKPRENT

DUGGUVOGUR 23
PÓSTHÓLF 1179 — 121 REYKJAVÍK

Skyndidauðsföll og framlíf

Í útvarpsþætti Ólafs Ragnarssonar sunnudagsmorguninn 8. mars kom dr. Erlendur Haraldsson fram með þá athyglisverðu staðreynd, að af hverjum eitthundrað framliðnum, sem gera vart við sig hjá eftirlifendum, eru tuttugu og átta, sem hafa farist voveiflega: af slysum, skyndidauðsföllum og af eigin völdum. En prósentutala þeirra, sem látið hafa líf sitt af þessum sökum, er aðeins tveir (2%). Dr. Erlendur hafði ekki skýringu á þessu, en hann á þakkir skildar fyrir að benda á staðreyndina.

Svo hefur verið sagt í hinni íslensku heimspeki, að lífið sé tilraun til að koma lagi á hina líflausu náttúru, og er hver mannsævi tilraun af þessu tagi, og hefur því tilgang. Sly og uppgjöf eru því á móti tilgangi lífsins. Ég reyni hér að segja í sem allra fæstum orðum það, sem að réttu lagi ætti hver maður að vera vel upplýstur um.


En svo er önnur hlið á málinu, sem mjög er einföld og auðvelt ætti að vera að skýra: Þegar nýláttnir menn gera vart við sig, samkvæmt því sem Erlendur lýsti, er það vegna þess, að aflsvæði þeirra er að leita sér staðar til að líkamnast á. Þeir „vita ekki í hvorn fótinn þeir eiga að stíga“ eða hvort þeir eigi að líkamnast „á þeirri jörð eða hinni“. Þetta er ekki þannig að skilja, að hinn láttni hugsar þetta svona. En það sem eftir stendur af mannum, að loknu lífi, leitar sér staðar á þennan hátt. Það eru einmitt þessir skyndilega dáu, sem eru eins og „milli vita“ í þessu efni. Ævinlega verður þó aflsvæði framlífshnattar yfirsterkara, því þar er samstilling lifenda meiri, og þar eru ættingjar fyrir, sem leggja sig fram um það ásamt læknum þar, að gera mót-tökuskilyrðin sem best.

Þetta, að skyndidánir gera svo oft vart við sig, skýrist af ofansögðu. Í framlífsfrásögnum hefur mjög verið varað við sjálfsvígum. En hversvegna er sjálfsvígið illt? Ég sagði áðan, að mannsævin hefði tilgang, og skýrist það því betur fyrir fólki sem það kemst meira á framfaraleið. Þegar klippt er af þeim þroskaferli, sem kostur var á hér á jörð, er miklu tapað, og er sérstaklega illt til þess að vita að hafa slíku sjálfur valdið. Óbætanlegt er það ekki, en eftirsjón er að því, jafnvel löngu eftir að komið er á góða framfaraleið.

Sagt er, að nýr sjálfsmorðsfaraldur unglinga sé í uppsiglingu í Bandaríkjunum, og væri óskandi að hann næði ekki hingað. En best væri að honum yrði afstýrt einnig þar.

Tíminn 19. 03. 1987

Óríon, stjörnumerkið fagra



Eitt fegursta og bjartasta stjörnumerki himins er Óríon með Fjósakonurnar og Fjósakarlanana í miðju. Efst til vinstri er Betelgeuse, 10.000-falt bjartari en sólin og neðst til hægri er Rigel, með 50.000-falt ljósmagn okkar sólar.

I. A.

Ingvar Agnarsson:

Eyðing mannlífa á landi okkar


Á hvaða aldri er best fyrir barn að vera deytt? Er enginn sem hugleiðir málið út frá því sjónarmiði? Er víst að barnið sjálft hafi betra af að vera deytt á fyrri hluta fósturskeiðs en síðar — jafnvel einhverntíma eftir fæðingu ef því eru ætluð þau örlög hvort eð er?

Sú mikla óheillaþróun varð í íslensku þjóðlífi að fóstur-eyðingar af félagslegum ástæðum voru lögleyfðar árið 1975. Og afleiðingarnar létu ekki á sér standa því mörg hundruð fósturum er eytt árlega síðan þessi lög öðluðust gildi.

Þykjast menn (læknar, mæður, feður og aðrir) bara geta eytt þessu lífi hugsunarlaust ef þeim býður svo við að horfa? — Eru engin takmörk fyrir sljóleika manna vegna eyðingar mannlífa?

D.V. 27. febrúar 1989.

(583)



Fóstur tekur snemma á sig rétta og fullkomna mannsmynd. Myndin sýnir hendur fósturs á átta vikna aldri. Getur nokkur efast um rétta sköpun þessara fingra, þótt aldurinn sé ekki hærri?

Helgi Pjeturss:

Heimkynnin hinumegin

(Brot)

Kristin kirkja útrýmdi trúnni á stjórnurnar sem bústaði framliðinna, ásamt mörgum öðrum spaklegum kenningum fyrri vitringa, og Flammarion segir í sínu mjög merkilega riti, *Death and its Mystery* (leynardómur dauðans, þýðing Carrolls, III, s. 379), að í elstu predikunum megi oft sjá það brýnt fyrir mönnum, að sálir framliðinna fari ekki að byggja tunglið: *nec in lunam incolant* (þannig).

Ennýall, 2. útg. bls. 65.

Jarðstjörnum þeim, sem byggðar eru, má skifta í tvo aðal-flokka; eru í öðrum stjórnurnar, þar sem þekking er á sambandinu, og eigi einungis það, heldur samgangur milli stjarnanna; en í hinum flokknum eru úthverfin, útjaðar vitheims, þar sem menn gera sjer ýmiskonar trúarbrögð og hjá-trú af þeim fyrirburðum, sem stafa af sambandinu við aðrar stjörnur, en vita ekki, að slíkt samband á sjer stað. En það eru hin mestu aldaskifti í sögu hverrar stjörnu, þegar mann-kynið þar uppgötvar lífið á öðrum stjörnum og kemst á leið ávalt vaxandi sambands og eilífra framfara.

Ennýall, 2. útg. bls. 68.

Jón Thoroddssen:

(F. 1818 — D. 1868)

Kvæðabrot um stjörnur og drauma

Venus rennir hýrum hvörmum
himni bláum frá,
jörðu svefns í svölum örmum
sjónir festir á,
inn um lítinn gægist glugga —
grímu allt er hulið skugga —
hverju ertu að að gæta
ástargyðjan mæta?

Stjörnur byggja ef að er
ætlað jarðar lýði
og ef sæti ýta fer
eftir rausn og prýði,
einhverstaðar undan sól,
á eiði sjaldan förnu,
Íslendingar eiga ból
yst í Hundastjörnu.

Þú mikli myndasmiður,
sem myndar undraher
og út um alla geima
með önd í gandreid fer,
draumur kær, dýrðlegt er þitt yndi,
draumur kær, er deyr sem ljós í vindi,
draumur kær.

Jón dó frá þessum orðum í Manni og konu:

*„Draumurinn er, eins og allir vita, gjarn og fús á að fara með sofandi
fólk á gandreidir út um alla heima og geima og sýna því alls konar firn
og fádæmi.“*

Jóhann Örn Jónsson:

Flóttafuglinn

Á engi hey ég eitt sinn sló,
og úti var þá hiti megn,
því lauga náði land og sjó
hið ljósa sólargeisla-regn.

Þá lítinn fugl ég líta vann,
um loftið blátt sem herti flug,
því annar stærri elti hann
í ægilegum vígahug.

Mig hrollur greip í hjartataug,
að horfa á þennan sorgarleik.
Þá til mín litli fuglinn flaug,
þótt flugtökin hans gerðust veik.

Við fætur mína fuglinn skjótt
sér fleygði niðr á mjúka grund,
og litla hjartað hreyfðist ótt,
sem hrökkva mundi' á þeirri stund.

Og litli fuglinn lengi hjá
mér lúrði grænt við foldarskaut.
En heilög gleði hreif mig þá,
er hóf 'ann sig í loft á braut.

Burknar. Ljóð 1922.

Hvolfpakið bjarta

(Skyndimyndun sambandsstöðvar)

I. Skynjun

Ég var nývaknaður eftir langan og svo til draumlausan svefn. En aftur rann á mig léttur höfgi og lá ég nú milli svefns og vöku, vissi í raun bæði í þennan heim og annan, ef svo mætti segja.

Og þar sem ég lá nú hér í rúmi mínu, án neinnar sjálfstæðrar hugsunar, þá komst ég brátt í samband við mann á fjarlægum stað og varð mér sem eigin sérstök reynslustund.

Mér þótti ég nú staddur vera úti á bersvæði ásamt allstórum hópi féлага. Var hér dimmt yfir öllu. Þetta var fyrsta skynjun mín. En nú tók við upplifjun sambandsvinnar míns á þessa leið:

Mér þótti ég verið hafa á löngu ferðalagi, sem staðið hefði yfir lengi, ásamt miklum hópi samferðanna, (e.t.v. 1—2 hundruð manna.). Á hverju kvöldi — eða öllu heldur, að hverjum áfanga loknum, því ekki minntist ég skils dags og nætur — höfðum við valið okkur hvíldarstað eftir langa ferð og settumst þá saman í þéttan hóp.

Mér fannst sem hver áfangi hefði verið langur og ákaflega erfiður, og eftir því áriðandi að ætlunarverk okkar í hverjum áfanga heppnaðist sem best, hvað svo sem hver okkar þyrfti á sig að leggja, til þess að því marki yrði náð. Ekki minntist ég neinna skila dags og nætur í þessum leiðangri okkar, heldur fannst mér sem ávallt hefði verið heldur dimmt og drungalegt í leiðangri okkar. En þess minntist ég, að ávallt hefðum við verið ákaflega þreytt í lok hvers áfanga. Ekki kom í hug mér svo munað yrði, hver verið hefði tilgangur farar okkar og ekki minntist ég heldur neinna sér-

stakra atburða eða atvika úr þeim áföngum okkar, sem þegar hefðu verið farnir.

Þar sem við nú sátum hér öll saman í hóp og höfðum samstillt hugi okkar og það í raun svo mjög, að við hefðum orðið sem ein samstillt heild, einhuga sem einn maður, eða allt að því, og við hefðum öll beint huga til hæða, til veralda æðri en hér var hjá okkur. Og er við höfðum þannig setið samstillt um stund, þá myndaðist yfir okkur og umhverfis okkur mikil höll, mikill salur hár og kringlóttur. Bæði veggir hans og loft runnu saman í bogadregnar línur. Að þvermáli hygg ég salur þessi hafi vart verið minni en svo sem 100 m. — jafn á alla vegu, — en hæðin í miðju e.t.v. um 30 m. Og allur var salur þessi bjartur mjög, allt að því lýsandi og birtan var ákaflega mild með gulhvítum blæ. Heillaðir sátum við allir kyrrir áfram, en nú enn samstilltari enn áður, hugirnir opnari fyrir aðsendum áhrifum, og áður en á löngu leið, tóku að birtast í salnum, stórkostlega fagrar og lýsandi guðaverur, fyrst fáar, en brátt miklu fleiri. Lagði af þeim ljómandi birtu um salinn allan og yfir okkur öll. Öll urðum við sem frá okkur numin, heilluð, altekin þeim dýrðlegu áhrifum, sem þessir hátignu gestir höfðu á sálir okkar hvers og eins og nú var sem við samstilltumst þeim sjálfum, eins og okkur fyndist, hverjum einum, sem við yrðum sjálfum þeim lík. Þeirri dásamlegu tilfinningu er engan veginn hægt að lýsa. Yfir það ná engin orð. Og innan skamms tók að tala til okkar einn hinna aðkomnu guðlegu gesta, með skýrri, myndugri, en þýðri og hljómfagurri röddu, áhrifameiri en nokkur jarðneskur maður hefur yfir að ráða. Og mér fannst, að þótt þessi gestur talaði einn, þá væri það ekki aðeins hann einn sem talaði, heldur væri það svo sem jafngildi þess sem þeir allir væru að tala einum rómi, einni sálu, svo sem allir mæltu þeir munni hans, rétt eins og orðin, hljómurinn og hugsunin væri þeirra allra, og jafnvel sem öllum samanlagt væri þeim lögð til, að nokkru, þessi hugarorka úr öðrum stað í mikilli fjarlægð, úr hinum raunverulegu heimkynnum þeirra á dýrðlegum hnetti, og jafnvel sem þeim kæmi máttur og viska úr enn æðri stað og þaðan af

ennþá æðri stað eða stöðum.

Hvað gesturinn dýrðlegi talaði get ég með engu móti munað eða greint frá, ég held næstum að það sé ofar mannlegu viti eða skilningi að gera sér grein fyrir því, en þó fannst mér, sem í máli hans hafi m.a. falist hvatning og eggjan til okkar allra, því mikið væri í húfi, að tilgangur farar okkar næði fram að ganga.

Þetta var einskonar minning eða upprifjun sambandsvinnar míns, (draumgjafa, reynslugjafa, skynjunargjafa.).

En nú er það samtímareynsla draumgjafa míns, sem hér tekur við.

Nú þótti mér við enn vera komnir á nýjan áfangastað, (þann sem minnst er á í upphafi) eftir langa ferð og fróðlega, en meira en lítið erfiða og jafnvel áhættusama. Hér vorum við öll sest saman í þéttan hóp. Ég tók eftir því að alldimmt var yfir og allt í kring, svo sem hálfrokkið væri. Ekki sá til himins og ekki sá til umhverfis, hvorki hæðir, fjöll eða annað var mér sjáanlegt, og hefur dimman vafalaust valdið því. Allt gekk nú hér til sem áður, (eins og upprifjun sambandsgjafans benti til.). Höllin eða salurinn mikli og bjarti myndaðist yfir okkur og umhverfis okkur með sömu lögun og litum sem áður hafði gerst og fyrstu gestirnir birtust og við vorum öll orðin gegnmögnuð æðri orku og ólýsanlegum æðri fögnuðu.

Einn af gestunum guðdómlegu tók að mæla til okkar. Þá rann af mér höfginn skyndilega og ég glaðvaknaði upp úr þessu leiðslumóki, frá þessari dásamlegu skynjan minni, gagntekinn af gleði þeirra og stórkostlegri tilfinningu, sem draumgjafi minn hafði verið haldinn. En áður en á löngu leið hvarf mér þessi sterka unaðtilfinning og ég áttaði mig á eigin ástandi, hver ég var og hvar ég var staddur o.s.frv. Bjart var orðið af degi.

Ég flýtti mér fram og hripaði niður þessa sérstæðu sambandsskynjun mína, svo síður yrði hún gleyskunnari að bráð.

Ingvar Agnarsson.

(Skynjað miðvikudaginn 2. október 1991).

Lífstefnuboðun

(Draumur)

Vorið 1979 dreymdi mig eftirfarandi draum: Þótti mér vera sagt að væri mjög að greiðast fyrir huglækningum og jákvæðum styrkjandi áhrifum, og yrði auðvelt fyrir hvern sem á þyrfti að halda, að fá slíka hjálp. Jafnframt væri annað að gerast, sem væri þó svo miklu þýðingarmeira, að háþroskaðar verur væru komnar á veg með að beita áhrifum sínum á mannkynið í átt til lífstefnu og æðri þroska, og mundi það koma fram í jarðlífinu ósjálfrátt og almennt, en ekki þannig að einstaklingar hefðu beint samband við þær verur, eins og gerist við huglækningar.

Þannig held ég að orðalagið hafi verið, eftir því sem mér fannst er ég vaknaði. — Ekki minnst ég þess að hafa þá sjálfur áður verið í neinum slíkum hugleiðingum sérstaklega, og er að öllum jafnaði fjarri því að vera draumspakur.

Flosi Björnsson á Kvískerjum.

Mikilfenglegt sjónarspil



Sólgos. Sólin er miðdepill og þungamiðja sólhverfis okkar og heldur öllum reikistjörnunum á brautum sínum. — Sólgos eru stórkostleg fyrirbæri. Svarti bletturinn sýnir stærð jarðar til samanburðar.

Fyrir miðilsmunn 18. 11. 1991.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Sigurður Tómasson.

Sigurður Tómasson:

Sæl verið þið.

Heil og sæl, systir.

Aðalheiður Tómasdóttir: Hvert ert þú. Helga?

Sigurður: Sigurður.

Aðalheiður: Sigurður.

Ingvar Agnarsson: Já, komdu blessaður. Það var ánægjulegt að heyra í þér.

Aðalheiður: Það var gaman.

Sigurður: Bjóstu ekki við mér?

Aðalheiður: Jú, ég var að vonast til þess.

Sigurður: Hvað get ég sagt til að gleðja þig?

Aðalheiður: Þú ert vel vaknaður?

Sigurður: Ég er fullur af kæti og krafti.

Aðalheiður: Já, það er gott. Það eru viðbrigði.

Sigurður: Og finnst mér eins og ég geti bókstaflega svifið um alla geima. Og hvernig ég á að lýsa líðan minni svo vel sé, það er erfitt. Lýsa henni þannig, að hún er óumræðilega yndisleg.

Aðalheiður: Það er gott. Guði sé lof.

Sigurður: Lífsaflíð það er þegar margfalt meira en ég hafði á bestu árunum á jörðinni og er þó lítið sagt, held ég. Sá ég í sjónhendingu minningar liðinnar æfi svífa fyrir hugskotsjónum mínum og minni. Æfi mín öll frá fyrstu dögum varð ljós og skýr í minni.

Aðalheiður: Hver kom fyrstur til þín?

Sigurður: Systur elskulegar og aðrir ástvinir kærir umkringdu mig og föðmuðu mig að sér og buðu mig velkominn í hópinn á fegurri jörð og fullkomnari. Sá ég undireins, að

ég var í vinahópi og gladdist óumræðilega yfir viðtökum þeim hlýju. Varð ég allshugar feginn að losna við hinn vesæla líkama og ég var að ná fullum kröftum á örskömmum tíma og hinn nýi líkami var magnaður undursamlegri orku og vellíðan streymdi um hverja frumu og taug og ylur, sem erfitt er að lýsa með orðum, veitti mér mikla öryggiskennd. Gagntók mig einhver undursamleg hugarorka. Fann ég magnaðist einhverri æðri orku og mætti, er streymdi um nýskapaðan líkama minn. Það gerðist í rauninni undursamleg breyting á líkama mínum svo hann yngdist upp með þeim árangri, að ég fékk fegurri og unglegri líkama og öflugri heldur en hinn gamli var. Maður verður orðlaus yfir þeirri gæsku skaparans, sem ég vildi þakka þetta og vinunum öllum sem lögðu þar sitt af mörkum með ástúð sinni og kærleika til mín.

En þegar hugurinn leitar á fornar slóðir um stund rifjast ýmislegt upp það, sem líðið er, tengt ykkur ekki síst. Þakka fyrir það allt. Það er dýrmætur þáttur lífs míns sem ekki fellur á ryð heldur ljómar og skín í minningunum ævinlega og ljós og ylur minninganna bilar ekki, þótt líkaminn líði undir lok, hinn jarðneski. Það varðveitist allt í hinum nýja líkama á annarri jörð.

En er ég að átta mig á umskiptunum og öllu því undursamlega, sem við ber, að mér finnst og að ég tel með réttu fram yfir það, sem ég hef getað óskað mér og ímyndað, að fyrir mér ætti að liggja. Hver er að einhverju leyti einstæður í alheiminum og á sér enga samstæðu algerlega. Þó einhver vildi halda öðru fram, þá yrði það á röngum forsendum. Einstæði einstaklingsins, það er það, sem honum er gefið af skapara allra hluta, tel ég, til þess að rækta það og fullkomna, svo að það ljómi og birti af um alla heima meir og meir. Því það sem ekki er til annarsstaðar, er samt þáttur í hinni óendanlegu tilveru og eilífur þáttur, ódauðlegur.

Jæja, heimpekilegur hugleiðingar ætla ég ekki að hafa lengri núna. En það verður að segjast, sem rétt er: lífið er eilíft og óumræðilega dýrmætt. En einstaklingurinn hann á fyrir sér þroskabraut á himinhnöttunum dýrðlegu um eilífið.

Ingvar: Hefur þú séð sólina ykkar. Er hún eins og hérna á litinn?

Sigurður: Jæja, það er ekki með öllu fráleitt; ég hafi gefið henni gaum nokkurn og er því til að svara, að hún er björt mjög, sú dýrðlega fagra sól, er hér má sjá hátt á lofti og bregður af henni birtu og ljóma á land og haf og himin allan. Ekki auðvelt að lýsa slíkri birtu, sem sólin veitir fylgihnettinum, er ég lifi á og aðrir hér. Margir fleiri fylgihnettir snúast um þessa sól, hef ég þegar heyrt. Kalla ég þetta himnaríki í orðsins fyllstu merkingu.

Ingvar: Hefur þú séð stjönumerkin?

Sigurður: Stjörnurnar á himinhvolfinu eru heimkynni lífsins að minnsta kosti jarðstjörnunnar. Það er enginn efi á því. Jafnt frumlífs sem framlífs.

Ingvar: Pabba þinn og mömmu hefur þú náttúrlega séð?

Sigurður: Já, já, þau heilsuðu mér eins og fleiri og ég gladdist meir en orð fá lýst og hlustaði hugfanginn á mál þeirra, er fyllti hug minn öryggi og unaði.

Aðalheiður: Það hefur verið dásamleg aðkoma eftir stríðið hér.

Sigurður: Já, þegar maður hugsar til fortíðarinnar, rifjast margt upp eins og ég sagði. Eins og það sé skýrara allt í huganum en nokkru sinni áður orðið, hver endurminning ljómi með nokkrum hætti.

Ætla ég nú ekki að hafa þetta lengra að sinni.

Pakka þér kærlega fyrir hugulsemina að leita á fund minn og okkar.

Aðalheiður: Má ég skila heilsun til konu þinnar?

Sigurður: Ég bið fyrir kærar kveðjur og ástúðarkveður til hennar. Ævinlega þakka ég allt, sem liðið er og hugsa til framtíðarinnar og endurfundanna og þess, sem ekki verður lýst með orðum, er framundan er, feгурð æðra lífs og fullkomnara.

En ég segi ekki meira að sinni.

Pakka.

Verið blessuð, systir góð og vinur, Ingvar.

Blessuð öll.

(Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku)

Fyrir miðilsmunn 7. 10. 1991.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Helgi Hjörvar.

Helgi Hjörvar:

Gunnar, sæll.

Gunnar Hjörvar: Sæll.

Helgi Hjörvar: Sæl verið þið.

Já, sendi huggeislun til ykkar hnattanna í milli og er ég ásamt fjölda manns staddur í fögrum sal stjörnusambandsstöðvar mikillar og veglegrar hér á framlífsjörð minni og mjög er það fólk, er hér er, í alla staði vel innrætt og vel hugsandi og vel máli farið. Allt málfar þess ljóst og fagurt sem vitnar um göfugt hugarfar og þroskaða hugsun.

En ýmsir framliðnir Íslendingar hér hafa náð undursamlegu valdi á málinu. En það er ekki að undra í rauninni, því hér hafa menn margfalt betri skilyrði til þroska í meðferð málsins heldur en á gömlu jörðinni, þar sem menn njóta slíkrar orkumagnanar, sem hér er kostur, og sambanda við málsnillingana á enn fullkomnari hnöttum, guðina sjálfa. Það er því ekki að undra þó tungutakið göfgist og vald manna á guðamálinu vaxi stórlega hér og það auðvitað því fremur sem mönnum er það meira áhugamál að ná þar sem fullkomnustu tökum.

Já, ég veit það er á Íslandi um þessar mundir talað mikið um nauðsyn málræktar og málverndar. En það vita menn ekki, hvernig best er að vernda og rækta málið í raun og veru meðan þeir ekki vita, hvaðan það er nú komið það besta og fegursta í íslenskunni. En vissulega er ekki að ástæðulausu að tala um uppruna málsins, að þar sé um að ræða flutninga hnatta á milli og magnanaráhrif merkileg mjög.

Það tel ég ekki þurfa að fjölyrða um sérstaklega við ykkur, að íslenskan eigi þannig fyrirmynd á æðri hnöttum og þangað sé að leita eftir styrk og mætti til eflingar íslensku máli fyrst og fremst. En jafnframt er það nauðsynlegt, að þjóðin læri málið af ritsnillingum sínum fornum og nýjum, þeim er bestum tökum hafa náð á málinu í ræðu og riti. Það

sýnir sig, að þegar málið er hvað fegurst og fullkomnast, vex þróttur þjóðarinnar og framfarahugurinn mest.

Þakka fyrir.

Gunnar, vertu sæll og verið sæl.

Gunnar: Blessaður. Bið að heilsa.

Gunnar Hjörvar (ritað eftir segulbandsupptöku).

Fyrir miðilsmunn 7. 10. 1991.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Helgi Pjeturss.

Jæja, Helgi Pjeturss.

Það er margt sem hugsar til ykkar að venju. Þó ekki sé hægt að gefa nema fáum í hvert sinn tækifæri til að koma hér fram, þá er það þó ekki alveg þýðingarlaust. Íslensk hugsun og íslensk forysta í hugsun þarf að eflast. Eins og ástæður eru í þjóðfélaginu veitir ekki af, að þessi íslenska andlega forysta eflist.

Fundarmaður (HV): Nú er verið að gefa Nýal út aftur og ritgerðir, sem maður hefur ekki séð áður.

Helgi Pjeturss: Það er vel og drengilega að málum staðið, er þannig er og þakkarvert mjög. Nýall er ekki úreltur, ef einhverjir kunna að ætla það, né heldur þarf að ætla, að þjóðin hafi ekki þroska til að tileinka sér (hann) ef á annað borð yrði reynt til að koma honum á framfæri, hjálpa almenningi til að tileinka sér undirstöðuatriði Nýals. Það er ekki svo þungskilið. En það, sem mestu máli skiptir, er að þekkingin sé að verðleikum metin og þegin. Allir eiga að vera þátttakendur í heimssmíðinni og allir eiga að geta hugsað sjálfstætt og rökrétt og með þeim hætti staðið nokkuð á eigin fótum en ekki verið einungis annarra bergmál. En þiggjendur þess sannleika, sem færir þeim fyllri skilning á tilverunni, miðar einungis til heilla.

Þakka nú fyrir og verið sæl.

Gunnar Hjörvar (ritað eftir segulbandsupptöku).

Til lesenda Lífgeisla

Með þessu nýja ári þarf að hefjast nýtt átak til eflingar lífsambanda við lengra komna vini, sem á öðrum hnöttum búa. Við vitum að þúsundir lífstefnu-mannkynja beina hingað afli til björgunar illa stöddu mannkyni jarðar okkar. En erfitt er um björgun, nema hér sé til staðar sem bestur stuðningur við þessa guðlegu tilraun hinna máttugu hjálpenda. Og stuðningurinn felst ekki síst í því að skilja mikilvægi bættra lífsambanda og þar með aukins líforkuaðstreymis frá öflugum aflsvæðum hinna lengra komnu.

Lífshorfur mannkyns okkar eru bágar í meira lagi og virðast fara versnandi. Hættur steðja að úr ýmsum áttum.

Til Íslands munu hinir allsvitandi, öflugu vinir, einkum beina vonum sínum og orku, því hér á landi hefur fyrst verið skilið eðli lífs og lífsambanda, svo sem vel kemur fram í ritum Helga Pjeturss, en sem flestir þyrftu að kynnast þeim skilningi á tilverunni, sem þar er settur fram.

Ég vil beina þeirri ósk til ykkar, kæru lesendur Lífgeisla, að þið reynið, hver og einn, að afla ritinu nýrra áskrifenda. Með því móti auðveldið þið ekki aðeins útgáfu þessa rits heldur vinnið þið þá einnig að aukinni kynningu á hinu mikilvægasta málefni og skilningnum á því.

Nú eru komin út í þriðju útgáfu öll Nýalsrit dr. Helga Pjeturss, ásamt tveggja binda safni af öðrum ritgerðum hans. Ef þú, kæri lesandi, gætir átt einhvern þátt í að kynna þessi rit og e.t.v. afla þeim kaupenda, þá væri slíkt ákaflega mikilvægt fyrir framgöngu þessara mála.

Bestu kveðjur til ykkar allra, kæru lesendur Lífgeisla. Fylgi heill þessu nýbyrjaða ári.

*Fyrir hönd ritstjórnar Lífgeisla og Félags Nýalssinna,
Ingvar Agnarsson.*

Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPRENT, Dugguvogi 23, Reykjavík, símar 91-31975, -31391, -31335, fyrir hönd Félags Nýalssinna, Álfrólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Geimbokan mikla í Bogmannsmerki. (Sjá forsiðumynd) I. A.	bls.	2
Heimsfrægur Íslendingur. Þorsteinn Guðjónsson ..	"	3
Stillum til friðar. Þorsteinn Guðjónsson	"	5
Stuðningur að handan. Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum	"	7
Samstillt áhrif og framliðnir. Jón Trausti Halldórsson	"	9
Sýnir frá öðrum hnöttum og heimsóknir þaðan. Þorsteinn Guðjónsson	"	10
Ljósgeislarnir og líforkugeislarnir frá Síriusi. (Með mynd). Ingvar Agnarsson	"	14
Nú er hún dauð þessi belja. Þorsteinn Guðjónsson	"	16
Skyndidauðsföll og framlif. Þorsteinn Guðjónsson	"	20
Eyðing mannlífs á landi okkar. (Með mynd). I. A.	"	22
Heimkynnin hinumegin. Helgi Pjeturss	"	23

AUGLÝSING:

Auglýsing um Nýalsrit dr. Helga Pjeturss — Ný útgáfa í sex bindum	"	18
--	---	----

LJÓÐ:

Kvæðabrot um stjörnur og drauma. Jón Thoroddssen	"	24
Flóttafuglinn. Jóhann Örn Jónsson	"	25

DRAUMAR:

Hvolfþakið bjarta. Ingvar Agnarsson	"	26
Lífstefnuboðun. Flosi Björnsson á Kvískerjum	"	29

SAMBANDSFUNDIR:

FYRIR MIÐILS MUNN. Miðill: Sveinn Haraldsson Ritari: Gunnar Hjörvar		
Sigurður Tómasson	"	30
Helgi Hjörvar	"	33
Helgi Pjeturss	"	34

MYR:

Stjörnur himins. (Stjörnumynd)	"	2
„Þar sem lífið grær“. (Stjörnumynd)	"	4
Alheimurinn óendanlegi. (Stjörnumynd)	"	13
Vetrarbraut. (Stjörnumynd)	"	15
Stjarnþyrpingar í Tvíburamerki. (Stjörnumynd) ...	"	17
Óríon, stjörnumerkið fagra. (Stjörnumynd)	"	21
Mikilfenglegt sjónarspil. (Sólgos, mynd)	"	29

ÝMISLEGT:

Til lesenda Lífgeisla. I. A.	"	35
-----------------------------------	---	----